

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Nasogen Menthol 1 mg/ml nefúði, lausn

xýlometazólín hýdróklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Nasogen Menthol og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Nasogen Menthol
3. Hvernig nota á Nasogen Menthol
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Nasogen Menthol
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Nasogen Menthol og við hverju það er notað

Nasogen Menthol er notað við nefstíflu.

Nasogen Menthol dregur hratt og langvarandi úr þrota í nefi, það dregur úr bólgu í slímhúð í nefi. Það hjálpar þannig til við að halda nefgöngum opnum, sem auðveldar öndun ef þú þjáist af stífluðu nefi. Verkun Nasogen Menthol kemur fram innan nokkurrar mínútna og varir í nokkrar klukkustundir. Nasogen Menthol þolist almennt vel, einnig hjá sjúklingum með viðkvæma slímhúð í nefi.

Nasogen Menthol er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Þetta lyf er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

2. Áður en byrjað er að nota Nasogen Menthol

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Nasogen Menthol

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir xýlometazólín hýdróklóríði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú hefur nýlega gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn.
- hjá börnum yngri en 12 ára.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en Nasogen Menthol er notað ef þú ert með eitthvað af eftirfarandi:

- háþrýsting
- hjarta- og æðasjúkdóma (t.d. heilkenni lengingar á QT bili)

- skjaldkirtilssjúkdóm
- sykursýki
- stækkaðan blöðruhálskirtil
- æxli í nýrnaheittum (krómfíklaæxli)
- þrönghornsgláku

Ef eitthvað af þessu á við þig skaltu leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Nasogen Menthol er notað.

Eins og með önnur sambærileg lyf getur Nasogen Menthol valdið svefntruflunum, sundli og skjálfta hjá einstaklingum sem eru viðkvæmir fyrir. Vinsamlega hafðu samband við læknum þinn ef þessi einkenni valda þér óþægindum.

Eins og á við með önnur lyf sem draga úr bólgu í nefslímhuð, má ekki nota Nasogen Menthol samfelld í lengri tíma. Langvarandi eða óhófleg notkun getur valdið nefstíflu bakslagsáhrifum (bakslag: endurkoma og versnun fyrri einkenna). Ef einkenni lagast ekki innan viku skaltu hafa samband við læknum.

Forðist snertingu við augu og munn.

Gæta þarf sérstaklega að fara ekki yfir ráðlagðan skammt hjá börnum og öldruðum.

Takið vel eftir skammtaleiðbeiningum á umbúðum og í þessum fylgiseðli. Lyfið má nota samfelld í mest 7 daga.

Notkun annarra lyfja samhliða Nasogen Menthol

Látið læknum eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Áhrif Nasogen Menthol geta aukist samhliða notkun þunglyndislyfja. Verkun betablokka (lyf notuð við háum blóðþrýstingi, ákveðnum hjartasjúkdómum og auknum augnþrýstingi) getur einnig breyst.

Notkun Nasogen Menthol með mat, drykk eða áfengi:

Á ekki við.

Meðganga og brjóstagið

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Leitaðu ráða hjá læknum áður en þú notar þetta lyf á meðgöngu. Þú skalt aðeins nota lyfið ef lækinn hefur ákveðið að það sé öruggt.

Brjóstagið

Ekki er vitað hvort xylometazólin skilst út í brjóstamjólk. Ekki er hægt að útiloka áhættu fyrir barn sem er á brjósti. Ákveða þarf hvort gera þurfi hlé á brjóstagið eða hætta meðferð með xylometazólíni með mati á ávinningi barnsins af brjóstagið og ávinningi móður af meðferðinni. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar þetta lyf.

Akstur og notkun véla

Engar upplýsingar liggja fyrir um áhrif lyfsins á hæfni til aksturs og notkunar véla. Hins vegar er ólíklegt að Nasogen Menthol hafi einhver áhrif.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Nasogen Menthol inniheldur bensalkóníumklóríð

Þetta lyf inniheldur 0,1 mg af bensalkóníumklóríði í hverjum ml af nefúða. Bensalkóníumklóríð getur valdið ertingu eða bólgu í nefi, sérstaklega ef notað í lengri tíma.

3. Hvernig nota á Nasogen Menthol

Notið lyfið alltaf eins og lækinnirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ekki skal nota Nasogen Menthol hjá börnum yngri en 12 ára.

Ráðlagður skammtur fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára er:

1 úði í hvora nös, 3 sinnum á sólarhring, að hámarki í 7 sólarhringa. Tíminn á milli tveggja skammta skal vera 8 til 10 klst. Notið ekki meira en 3 skammta á sólarhring í hvora nös.

Notkunarleiðbeiningar

Snýttu þér.

Fjarlægðu hlífðarhettuna.

Fyrir fyrstu notkun skaltu þrýsta nokkrum sinnum á dæluna þar til úðagjöfin er jöfn. Nefúðinn er nú tilbúinn til notkunar.

Ef þú hefur ekki notað úðann í 7 eða fleiri daga, skaltu þrýsta einu sinni á dæluna til gera hann tilbúinn til notkunar. Ef þú hefur notað úðann innan seinustu 7 daga er hann tilbúinn til notkunar strax.

Haltu glasinu vel uppréttu og hallaðu höfðinu örlítið fram

Settu stútinn inn í nösina og þrýstu þétt niður á úðadæluna.

Fjarlægðu næst stútinn úr nösinni áður en þú sleppir dælunni. Úðaðu 1 sinni í hvora nös. Andaðu inn í gegnum nefið meðan þú þrýstir á dæluna.

Hreinsaðu og þurrkaðu stútinn áður en þú setur lokið aftur á eftir notkun.

Til að koma í veg fyrir mögulega útbreiðslu sýkingar ætti aðeins einn einstaklingur að nota glasið.

Lengd meðferðar:

Þú skalt ekki nota Nasogen Menthol samfelld lengur en í eina viku. Ef einkenni hafa ekki lagast eða koma aftur fram eftir notkun í eina viku skaltu hafa samband við lækinn. Læknirinn mun ráðleggja þér um frekari meðferð einkenna þinna.

Ef notaður er stærri skammtur af Nasogen Menthol en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ofskömmtn getur komið fram sem afleiðing af gjöf í nef sem og inntöku um munn. Ofskömmtn, sérstaklega hjá ungum börnum, getur komið fram í eftirfarandi einkennum:

Kvíði, æsingur, hugvilla (ofskynjanir) eða krampar á víxl, með lækkuðum líkamshita, mjög alvarleg syfja, meðvitundarleysi (svefnhöfði) eða dá. Önnur einkenni ofskömmtnar geta verið víkkun eða þrenging sjáaldra, svitamyndun, fölví, blár litur í húð og slímhúð (blámi), hraðtaktur og öndunarstöðvun (apnoea).

Ef gleymist að nota Nasogen Menthol

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur.

Ef hætt er að nota Nasogen Menthol

Engin óvenjulega áhrif ættu að koma fram þegar þú hættir að taka lyfið.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

HÆTTU notkun Nasogen Menthol og leitaðu tafarlaust lækni aðstoðar ef þú eða barnið þitt fáið einhver af eftirfarandi einkennum, þar sem þau geta verið einkenni ofnæmisviðbragða:

- Erfiðleikar við öndun eða kyngingu;
- Þroti í andliti, vörum, tungu eða hálsi;
- Alvarlegur kláði, ásamt rauðum útbrotum og ofsakláða.

Eftirfarandi aukaverkanir geta einnig komið fram við notkun lyfsins:

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum): höfuðverkur, þurrkur eða verkur í nefi, ógleði, brunatilfinning.

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum): blóðnasir.

Koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum): svefnleysi, sundl, skjálfti, skammvinnar sjóntruflanir, óreglulegur og hraður hjartsláttur, hækkaður blóðþrýstingur.

Gert er ráð fyrir að tíðni, tegund og alvarleiki aukaverkana hjá börnum séu svipuð og hjá fullorðnum. Flestar aukaverkanir sem tilkynntar hafa verið hjá börnum hafa komið fram eftir ofskömmtun xylómetazólíns.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Nasogen Menthol

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Þegar glasið hefur verið opnað er mælt með því að nota nefúðann innan 1 mánaðar.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og miða á glasinu á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Nasogen Menthol inniheldur

- Virka innihaldsefnið er xylómetazólín hýdróklóríð.
- Önnur innihaldsefni eru bensalkóníumklóríð, dínatríumedetat díhýdrat, natriumdíhýdrógenfosfat-díhýdrat, dínatríumhýdrógenfosfat-dódekahýdrat (E339), natriumklóríð, levomentól, síneól, makrógólglyseról- hýdroxýsterat, hreinsað vatn.

Lýsing á útliti Nasogen Menthol og pakkningastærðir

Nasogen Menthol er tær, litlaus til næstum litlaus lausn og kemur í brúnu glerglasi (10 ml) með úðadælu úr pólýetýleni og pólýprópýleni hettu.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Alvogen ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Ísland

Framleiðandi

Basic Pharma Manufacturing bv
Burgemeester Lemmensstraat 352
6163 JT Geleen
Holland

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í febrúar 2025.